



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
b.t. Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



Dalvík 19. janúar 2012

Efni: Byggðakvóti 2011/1212

Í samræmi við efni bréfs frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 21. desember 2011 samþykkir bæjarráð Dalvíkurbyggðar, eftirfarandi tilögu um breytingar á reglugerð nr.1182/2011 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2010/2011

Viðmiðanir um úthlutun aflamarks

4. gr. breytist þannig að í stað þess að miðað sé við landaðan afla innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. sep. 2010 til 31. ágúst 2011 verði miðað við landaðan afla innan sveitarfélags á sama tímabili.

Þessi ósk um breytingu á reglugerðinni byggir á því að bátar skráðir í byggðarlögum Dalvíkurbyggðar hafa þurft að landa afla til vinnslu í sveitarfélaginu til að uppfylla ákvæði um úthlutun byggðakvóta. Í einhverjum tilfellum hafa bátar landað þeim afla í því byggðarlagi þar sem vinnslan er, þó þeir séu ekki þar skráðir.

Vinnsluskylda í sveitarfélagi.

Upphaf 6. gr. reglugerðar nr. 1182/2011 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitafélagsins . . . o.s.frv.

Þessi ósk um breytingu er sama efnis og undanfarin ár, þ.e. að í stað þess að fiskiskipum í Dalvíkurbyggð sé skylt að landa afla til vinnslu í því byggðarlagi sem þau eru skráð, þá sé þeim skylt að landa þessum afla til vinnslu í sveitarfélaginu. Þetta er vegna þess að ekki er fiskvinnsla í öllum byggðarlögum sveitarfélagsins þó þar sé úthlutað byggðakvóta og er til þess að byggðakvótinn nýtist sem best til að efla atvinnu í sveitarfélaginu.



Jafnframt hvetur atvinnumálanefndin til þess að reglur verði túlkaðar þannig að fiskvinnslum verði gert kleift að skipta á byggðakvótaafla þannig að þær fái í staðinn afla, jafnmörg þorskígildistonn, sem er heppilegri fyrir vinnsluna.

Með góðum kveðjum Dalvíkurbyggð
Svanfríður Jónasdóttir
Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð
Bæjarstjóri